Iðnaði blandað í íbúðahverfi

Tilraun með þátttöku byggjenda í skipulagi hverfisins

Viðtal við Hilmar Ólafsson, forstöðumann Þróunarstofnunar Reykjavíkur

HVAR byggjum við næst? er sú spurning, sem fréttamaður lagði fyrir Hilmar Ólafsson, forstöðumann Þróunarstofnunar Reykjavíkur, eftir að hafa skoðað hina umfangsmiklu skipulagssýningu á Kjarvalsstöðum. Og svarið var í Breiðholti og á Eiðsgranda, þar sem úthlutun verður lokið fyrir 1980, auk íbúða í nýja miðbænum, í Mjóddinni, Grjótaþorpi og við endurnýjun eldri hverfa.

Um 1980 verður fyrsta íbúðahverfið í framtíðarbyggð Reykjavíkur því að taka við, svæðið við Keldur.

Áður en þetta er skýrt nánar, er rétt að gera nokkra grein fyrir verkefni Þróunarstofnunar. Þar hefur undanfarin fimm ár verið unnið að aðal skipulagi fyrir Reykjavík og liggja tillögur um framtíðarbyggð allt til ársins 1995 frammi á sýningunni á Kjarvalsstöðum. Jafnframt hefur stofnunin á hendi allt eftirlit með deiliskipulagi einstakra hverfa, sem unnið er á skipulagsskrifstofum úti í bæ. Er sú vinna líka kynnt á sýningunni auk þess sem arkitektarnir kynna einstaka þætti á auglýstum tímum. Þannig er verið að vinna að skipulagi í Seljahverfi hjá Teiknistofunni Höfða, að Fella- og Hólahverfi hjá Vinnustofunni í Veltusundi 3, þar sem einnig er verið að skipuleggja Eiðsgrandasvæðið. Nýi miðbærinn er í vinnslu hjá Teiknistofunni Örkum, Grjótaþorpið á teiknistofu Guðmundar Kr. Guðmundssonar og Ólafs Sigurðssonar og endurnýjun eldri hverfa hjá Teiknistofunni í Garðastræti 17. Öll þessi svæði koma við sögu, þegar rætt er um byggingar í Reykjavík á næstu árum.

Næsta úthlutun í Seljahverfi


— Skipulag íbúðarbyggðar fer nú mest fram í Breiðholtshverfum og á Eiðsgranda, útskýrði Hilmar Ólafsson. Í Breiðholtshverfum á eftir að úthluta um 600 íbúðum. Eftir áramót verður úthlutað lóðum fyrir rúmlega 100 íbúðir í Seljahverfi en þar verða bæði einbýlishús og raðhús. Þetta verður nokkuð sérstæð úthlutun, því tilraun verður gerð á ákveðnum reit til að fá fólkið til að vinna með skipulagsaðilum að innra skipulagi svæðisins. Fólk fær þá úthlutað lóðum, og vinnur síðan með vinnuhópi að staðsetningu og gerð húsanna á þessum tiltekna reit. Þetta verður fyrsta tilraunin í þessa átt.

— Næsta úthlutun í Seljahverfi verður sambýlishúsabyggð, svokölluð þétt-lág byggð, heldur Hilmar áfram skýringum sínum. Þarna er verið að falla frá hefðbundinni blokkabyggð, en í staðinn koma þarna samstæður af tveggja hæða húsum, sem raðað er saman á ýmsan hátt, og mynda margs konar rými og skjól. Garðar á milli eru sameiginlegir fyrir íbúana. Enn ekki er alveg búið að ganga frá skipulaginu þarna. Í þessari seinni lóðaúthlutun í Seljahverfi verður líka nokkuð af einbýlishúsum. Einnig á þarna eftir að úthluta lóðum fyrir iðnaðarhúsnæði, ekki þó mjög mörgum. En vonazt er til þess, að íbúarnir í hverfinu geti nýtt sér þessa vinnustaði og sparað þannig daglegar ökuferðir milli heimilis og vinnustaðar. Sem kunnugt er, er Seljahverfið, Breiðholt II og lóðirnar, sem við vorum að tala um, miðsvæðis í hverfinu.


Íbúðarhús með vinnuskálum

— Í Fella- og Hólahverfi í Breiðholti III hefur borgarráð þegar úthlutað lóðum undir verkamannabústaði í svokallaðri Austurdeild. Þar er þá eftir að úthluta lóðum undir íbúðarhús með vinnuskálum, þar sem handverksmenn geta komið sér upp verkstæðum. En í svokallaðri Norðurdeild í sama hverfi á þá eftir að úthluta nokkrum lóðum undir iðnaðarhúsnæði við Krummahóla. En þar á að vera það sem við getum kallað þrifalegur iðnaður. Og loks á hugsanlega eftir að skipuleggja lóðir fyrir um 50 einbýlishús í Austurdeild. En þá eru lóðir í Breiðholti fullnýttar.


— Í Breiðholti þrjú verður þá komin um 12 þúsund manna byggð, en 24—26 þúsund manns munu búa í Breiðholtunum öllum. Reiknað er mað því að búið




Þessi uppdráttur sýnir Nýja miðbæinn, þar sem verður rúm fyrir 50 — 60 íbúðir í fyrsta áfanga og 110 íbúðir í öðrum áfanga. Það verður fjölbýli, tengt verzlununum, eða sérstæð hús.



Þetta er Austurdeild svokölluð í Breiðholti III. Þar verða lóðir fyrir íbúðarhús með vinnuskálum, þannig að handverksmenn geti komið sér upp verkstæðum við húsin. Þau er dökk á kortinu oddaform vinstra megin og síðan þverlínu þar út frá (svæðið dekkt á litla kortinu). Lóðum fyrir verkamannabústaði hefur þegar verið úthlutað þarna og eru þeir ofan við þetta svæði á kortinu.



A Eiðsgranda verður komið fyrir um 600 íbúðum, aðallega í fjölbýli og þéttri byggð, og verður svæðið væntanlega fullnýtt um 1980.



Í Seljahverfi eða Breiðholti II verður næsta lóðaúthlutun, raðhús og einbýlishús, og eru lóðirnar miðsvæðis í hverfinu. Þar verður í öðrum tilraunareitnum reynt að fá íbúana til að vinna með skipulagsaðilum að innra skipulagi svæðisins. Í seinni úthlutun verða sambýlishús í þétt-lágri byggð. Eru það samstæður af tveggja hæða húsum, sem raðað er saman á ýmsan hátt.